

267. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 19. nóvember 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Bréf frá leikskólastjóra leikskóla Snæfellsbæjar, dags. 12. nóvember 2015, varðandi áframhaldandi stuðning við barn á leikskólanum. TRÚNAÐARMÁL.**
Ingigerður Stefánsdóttir, leikskólastjóri, mætti á fundinn og fylgdi málinu eftir. Var henni þökkuað koman og vék hún af fundi.
Bæjarráð samþykkti samhljóða áframhaldandi stuðning í sama formi og verið hefur.
- 2) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 7. september 2015, varðandi umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Sigurðar Narfasonar um endurnýjun rekstrarleyfis gististaðar í flokki II, gistiheimili, að Hofgördum í Staðarsveit, ásamt samningi umsækjanda við Gámabjónustu Vesturlands um sorphirðusamning. Áður tekið fyrir á fundi bæjarráðs í september, en frestað þar til frekari gögn lægju fyrir.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Sigurðar Narfasonar um endurnýjun rekstrarleyfis til reksturs gististaðar í flokki II, gistiheimili, að Hofgördum í Staðarsveit í Snæfellsbæ, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 3) **Bréf frá Kolbrúnu Ósk Pálsdóttur, dags. 28. september 2015, varðandi útboð á tjaldsvæðinu á Hellissandi, ásamt úttekt Áttahagastofu um rekstur og útboð tjaldsvæða. Áður tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar í október, en frestað þar til úttekt Áttahagastofu lægi fyrir.**
Bæjarráð samþykkti með tveimur atkvæðum að mæla ekki með því að fara í útboð á tjaldsvæðum Snæfellsbæjar að svo stöddu. Bæjarráð telur að Snæfellsbær sé búinn að fara í töluvert fjárfrekar framkvæmdir á báðum tjaldsvæðum undanfarin ár og vill fá meiri reynslu á hvernig tekjuþróunin verður á endurbættum tjaldsvæðum áður en farið er að huga að breyttu rekstrarfyrirkomulagi. Fríða var á móti.
- 4) **Umsóknir Bryndísar Baldvinsdóttur, mótttekið í lok október 2015, um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Mána Þór Óskarsson. Umsóknirnar eru annars vegar fyrir tímabilið 1/3 – 15/6 2015 og hins vegar tímabilið 24/8 2015 – 8/6 2016. Umsóknunum fylgir staðfesting á skólagöngu móður og staðfesting á skólavist barns í Waldorfskólanum Sólstofum.** Þar sem móðir barnsins er í fjarnámi og getur því stundað það frá lögheimili, telur bæjarráð að umsóknin falli ekki undir reglur Snæfellsbæjar um niðurgreiðslur á námsvist barna utan lögheimilissveitarfélags. Bæjarráð samþykkti því samhljóða að hafna erindinu.
- 5) **Bréf frá Snorraverkefninu, dags. 30. október 2015, varðandi stuðning á árinu 2016.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna erindinu.
- 6) **Bréf frá stjórn UMF Staðarsveitar, dags. 27. október 2015, varðandi styrki á árinu 2016.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til fjárhagsáætlunar 2016.
- 7) **Bréf frá lögreglustjóranum á Vesturlandi, dags. 9. nóvember 2015, varðandi skipan almannavarna í umdæmi embættisins.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar tekur undir erindi lögreglustjórans og telur skynsamlegt að hafa eina almannavarnarnefnd á Vesturlandi.
- 8) **Bréf frá Fjölbrotaskóla Snæfellinga, dags. 28. september 2015, varðandi skólaakstur við skólann á vorönn 2015.**
Lagt fram til kynningar.


Handwritten signatures and initials, including "F.S." and other illegible marks.


- 9) **Bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 22. október 2015, varðandi kostnaðarframlag vegna aðalskipulags Snæfellsbæjar.**
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Bréf frá bæjarritara, dags. 18. nóvember 2015, varðandi ósk um heimild til afskrifta skv. framlögðum lista. Gögn lögð fram á fundinum. TRÚNAÐARMÁL.**
Bæjarráð samþykkti að afskrifa kröfur skv. framlögðum lista.
- 11) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 12. nóvember 2015, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna launa á leikskóla Snæfellsbæjar.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta erindinu þar til næsta bæjarstjórnarfundar þar sem upphæð aukafjárveitingarinnar vantar.
- 12) **Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar 2017-2019.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar 2017-2019 til samþykktar í bæjarstjórn.
- 13) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2016.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2016 til samþykktar í bæjarstjórn.
- 14) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
a) Landssamband slökkviliðsmanna hefur vísað máli til Félagsdóms.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:34


Kristjana Hermannsdóttir


Björn H Hilmarsson


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari